

SAMEIGINLEGA VATNSVEITA UPPSVEITA

MINNISBLAÐ

| | | | |
|------------|---|---------|------------|
| VERKNÚMÉR: | 20160001 | DAGS.: | 2021-04-28 |
| VERKHLUTI: | 001 | NR.: | 216076 |
| HÖFUNDUR: | Eypór Sigurðsson | ÚTGÁFA: | 1 |
| RÝNT AF: | Þorleikur Jóhannesson | | |
| DREIFING: | Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur | | |

Efni: Skipting kostnaðar eftir vatnstöku

1 Inngangur

Á fundi fulltrúa sveitarfélaga sem haldinn var mars var ákveðið að skoða nánar skiptingu á kostnaði eftir vatnstöku úr stofnpípu. Kostnaður sveitarfélags reiknast sem hlutfall af vatnstöku á þeim legg stofnpípu sem liggur að tengipunkti hvers sveitarfélags. Sveitarfélag greiðir því ekki fyrir hlutdeild í stofnpípu á þeim hluta sem kemur eftir tengingu sveitarfélagsins.

2 Stofnkostnaður

Á fundi starfshóps þann 6.1.2021 var lögð fram uppfærð kostnaðaráætlun sem byggði að stóru leyti á fyrri áætlunum sem unnar voru af Verkfræðistofu Guðjóns Sigfússonar (VGS) á árunum 2002-2006. Uppfærð kostnaðaráætlun gerir ráð fyrir núverandi heildarvatnsnotkun verði 100 l/s en með möguleika á aukningu í 180-200 l/s á næstu 30 árum. Stofninum er skipt í 4 hluta til aðgreiningar á greiðsluhlutföllum og miðast fyrsti leggur við lagningu á 450mm stofnpípu frá Fljótsbotnum og að Felli í Bláskógabyggð þar sem tenging yrði við Hrunamannahrepp. Stofnpípa 355mm færi um Reykholt og að Laugarási við tengingu að Grímsnes- og Grafningshreppi. Frá Laugarási fer 250mm stofnpípa að Brautarholti á Skeiðum og svo loks 225mm stofnpípa að Bitru. Heildarkostnaður er áætlaður 1.263.570.000,-.

Tafla 1 Kostnaðaráætlun Vatnsveitustofns frá Fljótsbotnum að Bitru

| Stöð | Heiti | Lengd [m] | Þvermál pípu [mm] | Ein.verð [kr] | Verð [kr] |
|--------------|--------------|--------------|-------------------|---------------|----------------------|
| 0 | Fljótsbotnar | 0 | 450 | - | - |
| 1 | Fell | 21500 | 450 | 33.600 | 722.400.000 |
| 2 | Laugarás | 9500 | 355 | 22.500 | 213.750.000 |
| 3 | Brautarholt | 14450 | 250 | 13.200 | 190.740.000 |
| 4 | Bitra | 13600 | 225 | 10.050 | 136.680.000 |
| Heild | | 59050 | | | 1.263.570.000 |



3 Skipting stofnkostnaðar

Tafla 1 sýnir skiptingu kostnaðar milli sveitarfélaga. Kostnaður hvers sveitarfélags er reiknaður fyrir hvern þann hluta sem sveitarfélagið nýtir af stofni. Sem dæmi þá nýtir Hrunamannahreppur einungis hluta 1 af stofnpípu og er kostnaður því 25/100 af heildarupphæð við þann hluta. Flóahreppur mun bera kostnað við alla hluta stofnpípunnar og þá hlutfall af heildarnotkun á hverjum hluta fyrir sig.

Tafla 2 Kostnaðarskipting sveitarfélaga

| | | Bláskógabyggð | Hrunamannahr. | GOGG | Skeiðgnúp | Flóahreppur | Samtals |
|-------|---------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|--------------------|----------------------|
| Hluti | Rennsli [l/s] | 25 | 25 | 20 | 10 | 20 | 100 |
| 1 | 100 | 180.600.000 | 180.600.000 | 144.480.000 | 72.240.000 | 144.480.000 | 722.400.000 |
| 2 | 75 | 71.250.000 | | 57.000.000 | 28.500.000 | 57.000.000 | 213.750.000 |
| 3 | 30 | | | | 63.580.000 | 127.160.000 | 190.740.000 |
| 4 | 20 | | | | | 136.680.000 | 136.680.000 |
| | | 251.850.000 | 180.600.000 | 201.480.000 | 164.320.000 | 465.320.000 | |
| | Heild | 251.850.000 | 180.600.000 | 201.480.000 | 164.320.000 | 465.320.000 | 1.263.570.000 |

Með þessari kostnaðarskiptingu breytast hlutföllin talsvert frá því sem áður var kynnt þar sem kostnaður hvers sveitarfélags var reiknaður sem hlutfall af kostnaði verkefnisins í heild.